Umsögn

153. löggjafarþing 2022–2023. Þingskjal 30 — 30. mál. Tillaga til þingsályktunar um rannsókn á vinnuhælinu á Kleppjárnsreykjum og aðgerðum íslenskra yfirvalda gegn samskiptum íslenskra stúlkna við erlenda hermenn á árum síðari heimsstyrjaldar.

Kröfur um sögulegt réttlæti hafa færst töluvert í aukana á undanförnum árum. Sé vilji til þess, í nafni lýðræðis og jafnréttis, að feta slíka braut tel ég að það sé yfir allan vafa hafið að bráðabirgðalög 122/1941 um eftirlit með ungmennum, stofnun Ungmennadómstóls og visthælið á Kleppjárnsreykjum ættu að falla undir slíka opinbera endurskoðun.

Koma breska hersins árið 1940 olli víðtæku siðfári (e.moral panic) í íslensku samfélagi og aðgerðir ríkisvaldsins báru sterkan keim af því en þær aðgerðir tóku fljótt á sig mynd kerfisbundins ofbeldis á grundvelli kyns og stéttar. Því er mikilvægt að slík rannsókn einskorðist ekki við þær stúlkur sem dæmdar voru til vistar á Kleppjárnsreykjahælinu heldur taki einnig til þeirra sem var gert að yfirgefa bæinn þar sem þær töldust ekki hæfar til búsetu í þéttbýli. Slík útskúfun á sér fá eða engin fordæmi í sögu Íslands sem fullvalda ríkis. Vert er að benda á að í gögnum Sakadóms Reykjavíkur og Ungmennadómstóls er að finna nokkur dæmi um stúlkur sem sögðu frá kynferðislegri misnotkun í yfirheyrslum en voru samt sem áður dæmdar til að yfirgefa borgina og „rétturinn bryndi fyrir henni að koma ekki til bæjarins í eitt ár og ekki til dvalar í kaupstöðum á sama tíma“ eða hótaði stúlkum málsókn þar sem að „engin merki sjáist þess að hún blygðist sín fyrir kalmannskynnin…“, svo vísað sé beint í gögn Ungmennaeftirlits og Sakadóms. Í báðum þessum tilfellum höfðu stúlkurnar sagt frá nauðgunum af hálfu hermanna.[1]

Slík rannsókn myndi byggja á gögnum sem að eru flokkuð sem viðkvæm persónuverndarmál. Eins og Bára Baldursdóttir hefur bent á eru lagalegar aðgangstakmarkanir undir formerkjum persónuverndar tvíbent sverð sem geta stuðlað að þöggun þar sem að „eftir stendur einhliða frásögn ríkisvaldsins af samskiptum við borgara sem voru grunaðir eða dæmdir fyrir refsiverða háttsemi. Því er það álitamál hvort löggjöf sem ætlað er að *vernda* rétt borgaranna geti í þessu tilfelli hafa *hindrað* að sögulegu réttlæti hafi verið fullnægt.“[2]

Þess má geta að árið 2019 gaf norska ríkisstjórnin út opinbera afsökunarbeiðni til kvenna sem einnig máttu sæta ofsóknum og ofbeldi vegna þess að þær áttu í samböndum við þýska hermenn sem einnig máttu sæta ofsóknum og ofbeldi. Við það tilefni minntist sagnfræðingurinn Guri Hjeltenes á að refsingar norsku kvennanna (til að mynda svipting ríkisborgararéttar) hefðu verið þyngri en þeirra sem að aðstoðuðu þýska hernámsliðið.

---

[1] *Þí.* Sakadómur Reykjavíkur FA9/2. Nr.20. *Þí.* UE C/2-3 Nr.639. Sjá nánar. Hafdís Erla Hafsteinsdóttir. „Hún var með eldrauðar varir og neglur en að öðru leyti ekkert athugaverð í útliti. Skjalasafn Ungmennaeftirlitsins og ímynd ástandsstúlkunar. *Saga* LV:2 (2017), 53—86.

[2] https://saga.sogufelag.is/umsagnir/bara-baldursdottir/

Talið er að um 28 norskir karlar hafi gifst þýskum konum úr hernámsliðinu. Enginn þeirra var rekinn úr landi eða sviptur ríkisborgararétti.[3]

Reykjavík, 28.nóvember 2022

Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, sagnfræðingur

[3] https://www.regjeringen.no/no/dokumenter/utredning-om-norske-myndigheters-behandling-av-tre-utvalgte-grupper-etter-andre-verdenskrig/id2557482/